



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um matsviðmið í reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt húsnæði

Þann 1. nóvember 2023 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um matsviðmið í reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði:

Hversu langt er síðan punktakerfi Reykjavíkurborgar um félagslegt húsnæði var uppfært? Flokkur fólksins óskar upplýsinga um hvenær punktakerfið var síðast endurmetið og hver er það sem ákveður viðmiðin sem farið er eftir í punktakerfi Reykjavíkurborgar um félagslegt húsnæði?

Svar:

Núgildandi reglur Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði voru samþykktar á fundi velferðarráðs þann 13. mars 2019 og á fundi borgarráðs þann 2. maí 2019, með síðari breytingum. Reglurnar tóku gildi þann 1. júní 2019. Breytingar á reglunum voru samþykktar á fundi velferðarráðs þann 6. október 2021 og á fundi borgarráðs þann 14. október 2021, á fundi velferðarráðs þann 19. janúar 2022 og á fundi borgarráðs þann 27. janúar 2022 og síðustu breytingar voru samþykktar á fundi velferðarráðs þann 1. mars 2023 og á fundi borgarráðs þann 9. mars 2023.

Matsviðmið með reglum um félagslegt leiguhúsnæði voru endurskoðuð í heild sinni við gerð reglna um félagslegt leiguhúsnæði sem tóku gildi þann 1. júní 2019. Þær breytingar sem lagðar voru til á matsviðmiðum um almennt félagslegt leiguhúsnæði voru unnar af lögfræðipjónustu velferðarsviðs ásamt sérfræðingum í deild ráðgjafarpjónustu velferðarsviðs en einnig var leitað til húsnæðisfulltrúa á miðstöðvum Reykjavíkurborgar varðandi ábendingar um þau atriði sem þörfnuðust úrbóta. Við vinnu á breytingum á reglunum var tillögum að matsviðmiðum beitt í þeim málum sem þá lágu fyrir á miðstöðvum til að kanna hvernig beiting þeirra yrði í raun. Frá því að reglurnar tóku gildi árið 2019 hafa nokkrar breytingar verið samþykktar á matsviðmiðum, þ.e. á fundi velferðarráðs þann 6. október 2021 og á fundi borgarráðs þann 14. október 2021 og á fundi velferðarráðs þann 19. janúar 2022 og á fundi borgarráðs þann 27. janúar 2022. Þær breytingar sem gerðar hafa verið á matsviðmiðunum á síðustu árum hafa m.a. tengst breytingu á reglugerð og reglum. Uppfæra þarf matsviðmið þegar tekjuviðmiðum reglnanna er breytt en auk þess voru matsviðmið uppfærð þegar breyting var gerð á reglunum varðandi lágmarkslengd búsetu í kjölfar athugasemda félags- og barnamálaráðherra. Þá voru gerðar breytingar á matsviðmiðum varðandi húsnæði fyrir fatlað fólk þegar nýjar reglur Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningspjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir tóku gildi.